

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Brynjar Þór Jónasson
Dags. 26. september 2018
Mnr. 2015090052



ÍSAFJARÐARBÆR

Sundhöll Ísafjarðar Samkeppni

Árið 2016 efndi Ísafjarðarbær til hönnunarsamkeppni um bætta aðstöðu í Sundhöll Ísafjarðar við Austurveg. Leitað var eftir snjöllum hugmyndum sem bæta áttu aðstöðu Sundhallarinnar á heildstæðan hátt með góðu fyrirkomulagi og vandaðri byggingalist. Sérstök áhersla var lögð á bætta aðkomu og aðgengi fyrir alla innanhúss og utan. Tíu tillögur bárust og var ákveðið að veita þemur tillögum verðlaun og tveimur tillögum viðurkenningu með innkaupum. Heildar verðlaunafé var 6,6 milljónir að meðtoldum innkaupum. Tillaga Kanon arkitekta ehf. hlaut fyrstu verðlaun og var mat dómnefndar að tillagan bæri af öðrum innsendum tillögum hvað varðar útfærslu og innsæi í þarfir notenda.

Frá því að samkeppni lauk hefur ekkert verið aðhafst frekar í hönnun breytinga innanhúss og viðbyggingu við Sundhöll Ísafjarðar.

Í fjárfestingaráætlun Ísafjarðarbæjar árið 2018 er ekki gert ráð fyrir neinum kostnaði við verkefnið. Mikilvægt er á þessum tímapunkti, þar sem vinna við fjárhagsáætlun 2019 er hafin, að bæjarráð Ísafjarðarbæjar taki afstöðu til verkefnisins og gefi fyrirmæli um framhaldið.

Undirritaður óskar hér með eftir afstöðu bæjarráðs og fyrirmælum um framhaldið.


Brynjar Þór Jónasson
Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs